

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Arnadalsreits, Skagabraut 43.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 26. september 2023 breytingu á deiliskipulagi Arnadalsreits, vegna Skagabrautar 43. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir spennistöð og tæknirými kemur í stað þvottastöðvar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar.

Deiliskipulag Sólmundarhöfða, Höfðagrund 7.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 26. september 2023 breytingu á deiliskipulagi Sólmundarhöfða, vegna Höfðagrundar 7. Í breytingunni felst að stækka byggingarreitinn um 18,2 m² og reisa garðskála við núverandi íbúðarhús.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Sementsreits, Suðurgata 126.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 12. september 2023 breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, vegna Suðurgötu 126. Í breytingunni felst að núverandi mannvirki sem skráð er sem geymsluhúsnæði verður íbúðarhúsnæði.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Skógarhverfis 5, Lækjarskógar 1.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 10. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, áfanga 5, vegna Lækjarskóga 1. Í breytingunni felst stækkun skipulagssvæðisins um 0,15 hektara til norðurs meðfram Lækjarskógum og afmörkuð 780 fm lóð fyrir dælustöð fráveitu við Lækjarskóga nr. 1.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna, skipulagsmörk.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 12. september 2023 breytingu á deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna. Í breytingunni felst að skipulagsmörk eru færð til, breyting gerð á deiliskipulagi Skógarhverfis 5 og settar eru inn ofantvatslausnir til samræmis við Skógarhverfi 5.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 12. október 2023.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. október 2023